

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjendur Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson fyrir hönd Landsbankans greiði stefnda Júlíusi Kr. Einarssyni 25 kr. í málskostnað, áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagði lagaaðför.

Mánudaginn 17. nóvembermán.

Nr. 21/1913.

Guðmundur Magnússon
gegn
Þórði Magnússyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur áfrýjandinn Guðmundur steinsmiður Magnússon í Reykjavík gegn stefnda Þórði Magnússyni í Brekkuholti sama staðar, út af eignarrétti að bænum Brekkuholti, sem áfrýjandi gerði tilkall til, en með dómi nefnds réttar 30. nóv. 1911 var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda í málinu og hinum skipaða málaflutningsmanni áfrýjanda ákveðið 20 kr. málaflutningskaup úr landssjóði, en málskostnaður að öðru leyti látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn að fengnu uppreisnarleyfi, dags. 25. marz þ. á., og gjafsóknarleyfi og skipuðum málaflutningsmanni, skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 10. apríl þ. á. og endurtekið þær kröfur sínar fyrir bæjarþinginu, að stefndi verði dæmdur til að við-

lögðum dagsektum, að selja sér (áfrýjanda) í hendur eignarumráð yfir bænum Brekkuholti (vesturhluta af norðurbænum) ásamt $\frac{2}{3}$ hlutum lóðarinnar, sem fylgir, en til vara, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér andvirði bæjarins eftir mati óvilhallra manna. Auk þess hefir áfrýjandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undir- og yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og loks hefir þess verið krafist af áfrýjanda hálfu, að allir dóm-ararnir í yfirdóminum viki sæti í máli þessu sökum þess, að þeir hafi allir verið að einhverju leyti riðnir við málið. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþings-dómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur allur sá kostnaður, er hann hefir haft af málinu, eftir mati yfirdómsins.

Viðvíkjandi kröfu áfrýjanda um að dómendur yfir-dómsins viki allir úr dómarsæti í málinu, þá er hún byggð á því, að þeir hafi sem fátækraneftarmenn eða bæjarfulltrúar haft afskipti af sölu bæjarins Brekkuholts í hendur stefnda. En hvorki justitarius né i. yfirdómari voru í fátækraneftdinni, þegar hún samkvæmt almennri heimild í bæjarmálefnaeglugerðinni samdi um söluna við stefnda 1897 eða 1898, og til kasta bæjarstjórnar eða bæjarfulltrúanna sem slíkra kom það mál eigi. Það er því engin ástæða til þess, að þessir dómendur viki sæti í máli þessu. En annar yfirdómari, sem var bæjarfógeti og formaður fátækraneftdar, er samið var um við stefnda um kaupin, hefir vikið sæti í málinu.

Bær sá eða bæjarpartur, Brekkuholt, sem þrætan er um í máli þessu, var á sínum tíma byggður af áfrýjanda Guðmundi Magnússyni og átti hann bæinn um hrið, en

árið 1887 seldi Guðmundur bæinn Gísla nokkrum Kolbeinssyni, og bjó hann í honum þar til hann dó, árið 1897, en Gíslí var þá fyrir nokkru orðinn sveitarþurfi og tók því fátækranevnd Reykjavíkur bæinn, að honum látnum, sem aðra eftirlátna fjármuni hans, upp í skuld hans til sveitarinnar, og seldi nefndin bæinn þá stefnda í máli þessu, og hefir hann síðan haft full eignarráð yfir honum, óátalið af öllum, þar til mál þetta var höfðað með sáttakæru 4. júlí 1910 af áfrýjanda, og sú krafa gerð á hendur honum, að hann léti bæinn eða andvirði hans af hendi við áfrýjanda, sem hinn rétta eiganda hans. En áfrýjandi byggir kröfu sína til bæjarins á því, að hann hafi að eins selt Gísla Kolbeinssyni bæinn »með kaupsamningi«, en Gíslí hafi aldrei fullnægt þeim samningi og því aldrei orðið eigandi að bænum, eða fengið afsal fyrir honum. Stefndi byggir aftur mótmæli sín gegn kröfum áfrýjanda á kaupunum við fátækranevnd Reykjavíkur og afsalsbréfi samkvæmt þeim, frá bæjarfógetanum í Reykjavík fyrir hönd nefndarinnar, dags. 7. maí 1907, — eða ef þetta þætti ekki nægileg eignarheimild, þá á hefð fyrir meira en 20 ára óslitið eignarhald á bænum. Því hefir ekki verið mótmælt af stefnda, og verður því að teljast viðurkennt, að bærinn Brekkuholt hafi verið seldur Gísla Kolbeinssyni af áfrýjanda með kaupsamningi, og að í þeim samningi hafi kaupverð bæjarins verið ákveðið 500 kr., er Gíslí átti að greiða með því að taka að sér 133 króna veðskuld til Brydesverzlunar, er talin var hvíla á bænum, en borga hitt í peningum. Á sama hátt er það og viðurkennt í málinu, að Gíslí Kolbeinsson hafi ekki greitt áfrýjanda af kaupverðinu nema einar 50 krónur, og að hann hafi aldrei tekið að sér né

greitt veðskuldina til Bryde 133 kr., en skuld þessi hafði reyndar aldrei verið þinglesin eða hvílt á bænum, og var áfrýjandi krafinn um hana árið 1908. En þó að Gísli Kolbeinsson hafi þannig ekki staðið í skilum með borgun kaupverðsins heldur stefndi því fram, að Gísli hafi þegar við sölu 1887 og afhendingu bæjarins þá, fengið full eignarumráð yfir honum og hafi engin þörf gerst frekari afsals í hendur Gísla, en bærinn hafi með sölnunni algerlega horfið úr eigu áfrýjandans. Um ákvæði kaupsamningsins eða sölusamningsins um Brekkuholt að öðru leyti en fyr er greint, er ekki upplýst, enda er sá samningur sagður glataður og hefir aldrei verið þinglesinn, en skýrslur málsins sýna það, að Gísli Kolbeinsson hélt óskertum umráðum yfir bænum, ótalið af áfrýjanda alla tíð, fra því er honum var seldur hann með kaupsamningnum 1887 og til þess, er hann dó 1897, og var Gísli þó þá löngu orðinn þurfamaður bæjarins, og því útséð um borgun kaupverðsins af hans hálfu, og þegar Gísli var dáinn, og fátækranefndin tók bæinn sem eftirlátna eign hans, upp í sveitarskuld hans, lét áfrýjandinn afskiftalaus með öllu töku bæjarins og sölu á honum til stefnda. Hann vissi þó af því, er nefndin tók bæinn undir fátækraþjóðinn, en eins og hann hefir skýrt frá í málinu, hugði hann, að lítið væri upp úr Gísla að hafa eða búi hans, er hann dó, fram yfir þær 50 krónur, er Gísli hafði borgað honum og veðskuldina til Bryde, er hann ætlaði að annaðhvort væri greidd eða hvilandi á bænum sem tryggu veði. Verður þessi framkoma áfrýjanda öll ekki skilin á annan veg en sem ljós vottur þess, að áfrýjandi hafi ekki, er Gísli var orðinn sveitarþurfi, og einkum eftir að hann dó, talið sig eiganda að bænum,

þar sem hann annars að sjálfsögðu þá þegar hefði tekið bæinn sem sína eign, enda skifti það eigi máli, hvernig fjárhagur Gísla eða búss hans stóð að öðru leyti, ef bærinn var þá enn í eign áfryjandans, eins og hann heldur fram. Að áfryjandinn telur sig stöðugt hafa bygt á því, að veðskuldin til Bryde hafi hvílt á bænum, sem tryggu veði, getur auðvitað ekki gert greinda framkomu hans skiljanlegri, hafi hann talið bæinn sína eign, því að nefnd skuld var minstur hluti söluverðs bæjarins og skuldar Gísla Kolbeinssonar. Það, að áfryjandinn byggði upp á veðréttinn virðist einmitt miklu fremur benda til hins sama og hitt, að kaupverðsskuldin hafi að öðru leyti ekki verið trygð með eign áfryjanda í bænum; enda sést á málinu, að þá fyrst koma fram vonbrigði áfryjanda, er hann árið 1908 var krafinn um skuldina til Bryde og hann sá, að hann hafði eigi gætt þess, að láta þinglesa hana.

Af framansögðu virðist verða að telja það eftir atvikum nægilega sannað, að stefndi í máli þessu hafi, að Gísla Kolbeinssyni látnum, fyrir sölu fátækrastrjórnar Reykjavíkur og eftirfarandi afsal, dags. 7. maí 1907, orðið löglegur eigandi að hinum umþrætta bæ eða bæjarhluta, Brekkuholti, og gerist þess því ekki þörf að rannsaka varaástæðu stefnda fyrir heimild hans að bænum, að hann hafi þegar með yfir 20 ára löglegu eignarhaldi unnið hefð á bænum. Verður samkvæmt þessum úrslitum að sýkna stefnda algjörlega af kröfum og kærnum áfryjanda í máli þessu og staðfesta hinn áfryjaða dóm, einnig málskostnaðarákvæði hans. Málskosnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður, og greiðist málflutningskaup hins skipaða málsfærslumanns áfryjanda, sem hefir flutt málið óaðfinnanlega, 25 krónur, af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda fyrir yfirdómi, Sveini yfirdómslögmanni Björnssyni, greiðist úr landssjóði málfutningsmannskaup fyrir yfirdómi, 25 krónur.

Nr. 35/1913.

Erasmus Gíslason

gegn

G. Gíslason & Hay.

Dómur:

Mál þetta höfðaði hið stefnda firma G. Gíslason & Hay fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Erasmusi Gíslasyni verzlunarmanni, til greiðslu á 233 kr. 50 a. viðskiftaskuld, en í sambandi við það höfðaði áfrýjandi gagnsök á hendur firmanu og krafðist þess, að það væri dæmt til að skila sér 1000 kr. vixli, er hann hefði að fullu innleyst, eða greiða sér upphæð vixilsins með 6% vöxtum frá sáttakærudegi gagnsakar til borgunardags, og með eða án skuldajafnaðar við kröfurnar í aðalsökinni. Málum þessum lauk á bæjarþinginu með dómi, uppkevðnum 6. marz þ. á., á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 233 kr. 50 a. með vöxtum frá 15. júlí 1911 til greiðsludags og 30 kr. í málskostnað í aðalsökinni, en í gagnsökinni var stefndi syknaður og málskostnaður látinn.